



# FÉLAGSSVÆÐI, FÉLAGSAÐSTAÐA OG MÓTAHALD



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Upplýsingar um félagssvæði HK, félagsaðstöðu og reglur um mótahald í Kórnum

## Félagssvæði

Félagssvæði og aðalstarfsstöð HK er í Kórnum, við Vallarkór 14. HK rekur íþróttamiðstöðina Kórin en mannvirkið sjálf er í eigu Kópavogsbæjar. Skrifstofur félagsins eru á 2.hæð Kórsins.

Þrjár deildir félagsins eru með starfsemi í Kórnum - knattspyrna, blak og handknattleikur. Knattspyrnudeild HK er með alla sína starfsemi í Kórum og ásamt því að hafa afnot af Versalavelli yfir sumarmánuðina. Handknattleiksdeild HK heldur úti æfingum í Kórnum og Digranesi og fer kjarnastarfsemi deildarinnar þar fram. Deildin er einnig með æfingatíma í íþróttahúsi Kársnesskóla og í Fagralundi fyrir sína yngstu iðkendur. Blakdeild HK er með æfingar fyrir sína yngstu keppendur í Kórnum og Kópavogsskóla en aðalstarfsstöð deildarinnar er í Fagralundi þar sem allir flokkar æfa og keppa.

Dansdeild félagsins er með starfsemi sína Fagralundi. Borðtennisdeildin er með æfingaaðstöðu í íþróttahúsi Snælandsskóla sem og bandýdeild HK, en stærsti hluti starfsemi bandýdeildar fer fram í Digranesi.

## Kórin

Íþróttamiðstöð Kórsins er stærðarinnar fjölnota mannvirki. Innandyra er knatthús og tveir fullgildir handknattleiksvellir en þessari aðstöðu er hægt að breyta í tónleikahöll og veislustað. Utandyra er gervigrasvöllur og tveir æfingavellir með náttúrulegu grasi.

Fjölnota knatthúsið er með leikvelli sem er 105x68m að stærð.

Gervigrasvöllurinn er 105x64m að stærð.

Grasvellirnir úti eru 105x68 að stærð.

Handknattleiksvellirnir eru báðir 40x20m að stærð.

Lyftingaraðstaða HK er í Kórnum og er hún ca. 200 m<sup>2</sup> að stærð staðsett undir áhorfendastúku Kórsins í suðurenda hennar.

## Digranes

Íþróttahúsið Digranes er við Skálaheiði 2 í Kópavogi og er sem stendur keppnishús handknattleiksdeildar þar sem engin stúka er í Kórnum. Í Digranesi er einn löglegur handknattleiksvöllur 40x20m en hægt er að skipta salnum í tvennt fyrir æfingar yngri flokka.





Forstöðumaður er Elísabet Stefánsdóttir.

Sími: 441-8820

### Fagrilundur

Íþróttahúsið í Fagrilundi stendur við Furugrund 83 í Kópavogi. Fagrilundur er æfinga- og keppnishús blakdeildar HK. Dansdeild HK hefur einnig æfingaaðstöðu í veislusal húsin.

Forstöðumaður er Elísabet Stefánsdóttir.

Sími 441-8941

### Kársnesskóli

Íþróttahús Kársnesskóla er við Holtagerði 21 í vesturbæ Kópavogs og er notað undir starfsemi yngstu flokka handknattleiksdeildar. Þessi starfsstöð þjónustar börn í 1.-4.bekk í vesturbænum.

### Kópavogsskóli

Íþróttahús Kópavogsskóla stendur við Digranesveg 15 í Kópavogi. Blakdeild HK er með æfingar í íþróttahúsinu fyrir krakka í 1.-6.bekk sem búa í nærumhverfinu.

### Snælandsskóli

Íþróttahús Snælandsskóla stendur við Víðigrund í Kópavogi. Borðtennisdeild HK er með alla sína starfsemi í íþróttahúsinu. Bandýdeild HK er einnig með æfingar þar fyrir sína allra yngstu iðkendur.

### Verslavöllur

Verslavöllur eða Salavöllur eins og hann er gjarnan kallaður er staðsettur við íþróttamiðstöðina í Versölum sem er íþróttasvæði Gerplu. Knattspyrnudeild HK hefur afnot af vellinum og getur notað hann undir æfingar og keppni yngri flokka félagsins.



## Félagssaðstaða HK

Félagssaðstaða HK er á 2.hæð Kórsins og hefur félagið tvo borðsali til afnota með Hörðuvallaskóla. Salirnir rúma 200 manns annarsvegar og 100 manns hinsvegar í sæti. Stærri salurinn er veislusalur HK en hægt er að opna á milli þeirra og halda veislur fyrir allt að 300 manns í sæti. HK notar einnig salina undir fræðsluerindi sem félagið heldur ásamt því að salirnir nýtast sem fundaraðstaða fyrir stærri fundi. Á 2.hæðinni er einnig aðstaða fyrir iðkendur félagsins sem þau geta notað fyrir eða eftir æfingar. HK er með sölu á mat og drykk þar fyrir sína félagsmenn ásamt sjónvarpsaðstöðu sem nýtist tli að horfa á leiki.

Hægt er að leigja þessi rými undir stærri viðburði og veislur en frekari upplýsingar um salina og verðin gefur starfsmaður HK, Kristín Bessa á netfanginu [bessa@hk.is](mailto:bessa@hk.is).

Þegar flokksfundir eru á dagskrá eða stærri viðburðir á vegum þeirra þá er hægt að bóka salina í gegnum Kristínu Bessu endurgjaldslaust. Áriðandi er að gera það tímanlega.

## Dennastofa

Dennastofa er staðsett á 2.hæð Kórsins, við hlið skrifstofu félagsins (þegar gengið er innandyra). Fundarrýmið getur tekið ca. 6-10 manns í sæti. Þanta þarf rýmið með fyrirvara og er það gert í gegnum skrifstofu HK.

Aðbúnaður: Sjónvarp með HDMI tengi og tússtafla.

## Ákastofa

Ákastofa er staðsett inn af skrifstofurými HK og er aðalfundarrými aðalstjórnar félagsins. Hægt er að nota Ákastofu sem fundarrými á skrifstofutíma, milli kl.09:00 – 17:00. Þanta þarf rýmið með fyrirvara og er það gert í gegnum skrifstofu HK

Aðbúnaður: Skjávarpi, tjald og tússtafla.

## VIP

VIP-ið er staðsett á 3.hæð Kórsins og er, eins og heitið gefur til kynna, einungis til afnota fyrir sérstaka fundi eða viðburði. Rýmið hefur verið notað fyrir videófundum meistaraflokka félagsins á meðan aðbúnaður í öðrum stærri rýmum Kórsins er ekki fullnægjandi. Allar bókanir í rýmið þurfa að fara í gegnum framkvæmdastjóra HK.

Aðbúnaður: Sjónvarp án hljóðs.



## Viðburðir í Kórnum

Í fjölgreinafélagi eins og HK er mikið um mótahald og aðra viðburði sem deildirnar halda utan um sjálf. Aftur á móti má það ekki gleymast að deildirnar eru að fá afnot af völlum, sölum og öðrum rýmum í Kórnum á meðan mót eða aðrir viðburðir eiga sér stað.

Til að koma í veg fyrir árekstra þá eru ákveðnar verklagsreglur sem deildirnar/flokkarnir verða að kynna sér og fylgja - svo að allir viti hvar þeirra ábyrgð liggur þegar rýmin eru fengin að láni.

## Mótahald í Kórnum

1. Áður en ákveðið er að halda mót, hvort sem er í íþróttasal eða knatthúsi Kórsins skal ávallt athuga hvort aðrir viðburðir/mót séu á sama tíma í mannvirkinu hjá starfsfólki skrifstofu HK.
2. Ef starfsfólk skrifstofu HK telur að tveir viðburðir geti farið fram í mannvirkinu á sama tíma þá skal sú deild sem óskar eftir að koma með sinn viðburð inn í Kórinn ræða við mótshaldara þeirrar deildar sem bókaði fyrir.
  - a. Atriði sem deildirnar þurfa að huga að og gætu mögulega valdið árekstrum eru t.d.:
    - i. Fjöldi og aldur iðkenda ásamt aðstandendum sem mæta á viðburð/mót.
    - ii. Hvernig sjoppu-málum skal háttað á þeim tíma sem viðburðir/mótin fara fram.
    - iii. Hvort styrktaraðilar viðburðar/móts geti haft aðgang að tilteknum svæðum fyrir kynningu eða sölu í mannvirkinu.
    - iv. Staðsetning á verðlaunaafhendingu eða myndatöku.
  - b. Ef upp koma árekstrar varðandi einhverja þætti sem deildirnar eru ósammála um þá hefur framkvæmdastjóri HK úrskurðarvald um lausn mála.
3. Mótshaldarar skulu ávallt hafa samráð framkvæmdastjóra HK um staðsetningu á sjoppusvæðum í Kórnum.
4. Sjoppa skal vera í höndum þess flokks/ráðs sem viðkomandi deild ákvarðar um. Ábyrgð og frágangur á sjoppu og matsal er í umsjón flokksins sem sér um sjoppuna/sjoppunar hverju sinni.

